



Fuglahundadeild Ársskýrsla starfsárið 2019-2020

Í stjórn sitja: Haukur Reynisson, Kristín Jónasdóttir, Atli Ómarsson, Unnur Unnsteinsdóttir og Jón Ásgeir Einarsson. Tvö sæti eru laus í stjórn, en Haukur Reynisson og Jón Ásgeir Einarsson hafa setið þau ár sem þeirra kosning náði til.

Deildinni tilheyra eftirfarandi tegundir: Breton, Pudelpointer, Bracco Italiano, Gordon seti, Enskur Pointer, Vizsla, Weimaraner, Korthals Griffon.

Á síðastliðnu starfsári stóð deildin fyrir óhefðbundnum veiðiprófum ásamt hefðbundnum veiðiprófum eins og undanfarin ár, en það er þungamiðja starfseminnar.

Veiðipróf

Deildin stóð fyrir tveimur hefðbundnum heiðaprófum, vorpróf sem haldið var fyrir sunnan og haust próf sem haldið var fyrir norðan og var fyrsta alhliða (fullkominert) prófið sem haldið hefur verið hér á landi. **Fullkominert** prófið heppnaðist frábærlega og árangur hunda einstakur. Erlendir dómara höfðu orð á því, að klára fyrstu einkunn á fjalli og í sæki hluta væri á færi fárra hunda og því markvert að þetta tækist í fyrsta prófi sem haldið væri hér á landi. FHD stefnir á annað Fullkominert próf í september það veður gaman að sjá hvort við náum jafn góðum árangri eins og á síðasta ári. Þá var deildin með sækipróf-meginlands/hundapróf að sumri og heiðarhluta meginlandshundaprófs í október.

Meginlandshundapróf

Meginlandshundapróf var haldið í fyrsta sinn samkvæmt samþykktum reglum. Árangurinn var frábær. Í fyrsta skipti gafst hundategundum sem ekki hafa notið sammælis í hefðbundnum veiðiprófum tækifæri á að fara í ræktunarmat sem samrýmdist tegundinni. Ljóst er að þarna er hópur fólks og hunda sem ekki hefur átt stað innan deildarinnar hingað til og því fögnum við þessari nýliðun.

Æfingagöngur

Haldnar voru æfingagöngur þær eru góður vettvangur til þess að ná góðri þjálfun á hundinn sinn auk þess sem eldri félagar í sportinu geta leiðbeint þeim sem yngri eru. Ræktendur í FHD voru með vel sóttar æfingagöngur sem voru vel heppnaðar. Samstarf deilda í tegundarhóp 7 á árinu var ágætt. Æfingar fyrir sækipróf voru fjölsóttar af meðlimum FHD. Nokkrar æfingar voru haldnar í samstarfi við aðrar deildir.

Endurskoðun veiðiprófareglna

Árið 2018 fór fram endurskoðun veiðiprófareglna í samræmi við 12 grein reglnanna. Fulltrúar fjögurra deilda sátu í nefndinni. Vinna nefndarinnar gekk vel og var unnin samkvæmt settu verklagi. Niðurstaðan olli því miður verulegum ágreiningi það varð til þess að ákveðið var að fara í beina þýðingu

á norskum reglum sem reyndar var tillaga frá nokkrum félagsmönnum til nefndarinnar. En nefndin taldi sig ekki hafa umboð til svo umfangsmikla breytinga á reglugerðinni. Í þessa vinnu fóru tveir félagsmenn deildarinnar og er sú vinna enn í gangi.

Ræktunar- og staðlanefnd HRFÍ sendi FHD fyrirspurn um skilyrði ræktunar einstakra hundakynja í teh.hóp 7 vegna endurskoðunar á 10. Kafla reglna um ættbókarskráningu. Stjórn hafði milligöngu um að hafa samband við alla hlutaðeigandi svo fyrirspurn nefndarinnar yrði svarað innan tiltekins frests sem gefin var.

Tegundir innan Fuglahundadeildar hafa verið að ná framúrskarandi árangri á hundasýningum félagsins og hafa hundar innan deildarinnar vermt efstu sæti stigahæstu hunda félagsins á hundsýningum.

Stigahæstu hundar ársins 2019 voru heiðraðir á veglegu þorrablóti deildarinnar sem var vel sótt, en blótið var að þessu sinni haldið heima hjá Atla og Sigrúnu og kunnum við þeim góðar þakkir fyrir.

Stigahæstu hundar ársins 2019 eru:

Meginlandshundapróf:

Unghunda/byrjendaflokkur **Vinarminnis Gauja** Weimaraner

Opinn flokkur **Sika ze Strazistských Iesu** Pudelpointer

Heiðapróf:

Unghundaflokkur **Norðan Garri** Breton

Opinn flokkur **Rypleja's Klaki** Breton

Keppnisflokkur **Karma** Pointer

Stigahæsti ræktandi á heiðarpófum:

Vatnsendaræktun **Ásgeir** Heiðar.

Sækipróf:

Opinn flokkur **Bláskjárs Skuggi Jr.** Weimaraner

Stigahæsti ræktandi á Sækiprófum:

Bláskjár-ræktun Weimaraner í OF, Atli Ómarsson og Kristín Jónasdóttir

Stigahæstu hundar í fuglahundadeild á hundasýningum:

Loki Ungversk Vizsla, Elín Þorsteinsdóttir

Stigahæsti ræktandi fuglahundadeildar á hundasýningum

Vatnsenda-ræktun Pointer Ásgeir Heiðar

Stjórn Fuglahundadeildar óskar eigendum og ræktendum til hamingju með árangurinn.

Stjórn Fuglahundadeildar vill þakka félagsmönnum, prófstjórum, sýningarþjálfurum, dómurum og öllum þeim sem komu að starfinu á s.l. ári kærlega fyrir allt það óeigingjarna starf sem lagt hefur verið af mörkum fyrir deildina. Jafnframt vill stjórn þakka styrktaraðilum sem hafa verið okkar bakhjarlar í starfinu.

Dýrheimum og Royal Canin á Íslandi

Hits.is

Byggingafélaginu Rætur

Orion vefsmiðju

Coca cola european partners

ZOON Iceland

DagnýOgCo